

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 144/2013

2013/EES/72/12

frá 15. júlí 2013

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 383/2012 frá 4. maí 2012 um tæknilegar kröfur að því er varðar ökuskríteini með geymslumiðli (örflögu) ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við á eftir lið 24f (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„24fa. **32012 R 0383**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 383/2012 frá 4. maí 2012 um tæknilegar kröfur að því er varðar ökuskríteini með geymslumiðli (örflögu) (Stjtúð. ESB L 120, 5.5.2012, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í staflíð a) í lið III.4.2 í III. viðauka að því er varðar auðkennisnúmer:

- „– 14 fyrir Ísland
- 15 fyrir Liechtenstein
- 16 fyrir Noreg“^(*)

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 383/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. júlí 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. júlí 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Dórir Ibsen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtúð. ESB L 120, 5.5.2012, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.